

REGLUR

217

22. des.

um eftirlit með neyzlumjólk í heimavistarskólum.

1. gr.

Heimavistarskólum er af öryggisástæðum ráðlagt að taka upp neyzlu gerilsneyddrar mjólkur, þar sem unnt er að afla hennar.

2. gr.

Í heimavistarskólum, þar sem neytt er ógerilsneyddrar mjólkur, skal hafa eftirlit með búum, er selja þeim mjólk, svo sem hér segir:

- a. Héraðsdýralæknir, hver í sínu umdæmi, skal skoða mánaðarlega á skólatíma kýr og fjós á búum, sem selja heimavistarskólum mjólk. Þar sem enginn dýralæknir er starfandi, skal hlutaðeigandi héraðslæknir annast eftirlitið samkvæmt nánari fyrirmælum landlæknis.
- b. Þar sem hlutaðeigandi héraðslækni þykir tiltækilegt sökum fjarlægðar, skal hann láta taka til rannsóknar a. m. k. hálfsmánaðarlega á skólatíma sýnishorn af mjólk, sem neytt er í heimavistarskólum. Sýnishornin skulu rannsökuð í Atvinnudeild háskólans, ef unnt er, en ella í næsta mjólkurbúi, enda hafi um það tekizt samkomulag við hlutaðeigandi mjólkurbú.

3. gr.

Ákvæði 2. greinar taka ekki til farskóla, þó að börn búi á skólastað.

Landlækni er heimilt að veita fámennum, afskekktum heimavistarbarnaskólum undanþágu frá ákvæðum 2. greinar að nokkru eða öllu leyti, ef sannað er, að eftirlit hafi í för með sér óhæfilegan kostnað eða fyrirhöfn, enda telji hlutaðeigandi héraðslæknir beiðni um undanþágu á rökum reista.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 24 1. febr. 1936, öðlast gildi 1. janúar 1961.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

218

27. des.

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1961.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 75 5. des. 1960 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1961. Þó skulu leiksýningar, hljótleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. desember 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.